

Álftanes 6.júní 2024

Umsögn um frumvarp- Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúru hamfara í Grindavíkurbæ.
Þingsmáls nr:1130

Umsagnar aðili Hermann Þórðarson Waldorff eigandi
Pesca Iceland ehf. kt. 6811140410 og
Sílfell ehf. kt. 7007042460
240 Grindavík

Staða umsóknaraðila:

Pesca Iceland ehf er lítið fjölskyldufyrirtæki að Staðarsundi 12 Grindavík, Sílfell ehf er eigandi húsnæðisins sem er í eigu sömu aðila. Þetta fyrirtæki hefur sérhæft sig í aukaafurðum fisks ásamt því að kaupa fisk á markaði og selja til helstu matsölustaða á svæðinu s.s. Bláa Lónsins, Moss, Salthúsins, Víðihlíð-Elliheimili, Sjómannastofunar Vör og fleirum .

Í okkar tilfelli er gatan sem fyrirtækið stendur við búin að vera lokuð í marga mánuði og aðgangur að húsinu bannaður vegna gjámyndanna kringum húsið og undir því að hluta. Þetta er húsalengja með 7 samföstum atvinnubilum og búíð er að dæma þrjú af þeim ónýtt, en bilið sem við eigum er ekki hrúnið heldur hangir heilt ofan á sprungunni og er því ekki dæmt ónýtt.

Augljóst er, að rekstrargrundvöllur okkar er horfinn með þessu.

Við höfum alla tíð tryggt okkar rekstur og húsnæði eins og hægt er t.d. með rekstrar- og afkomutryggingum ásamt öllum öðrum tryggingum sem hægt er að taka til að tryggja afkomu okkar og verja það sem áunnist hefur um lífsleiðina.

Umsögn:

Þessar aðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu finnast mér plástrar til skamms tíma fyrir okkar starfsemi og þau áform um stuðningslán með ríkisábyrgð vera boð um að hefja starfsemi annarstaðar með 100 % lántöku. Við sjáum það ekki ganga upp í okkar tilfelli.

Því er það beiðni mín að stjórnvöld styðji það að fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi með því að ríkið kaupir upp atvinnuhúsnæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki hafa bolmagn til að starfa undir þessum kringumstæðum.

Þetta legg ég til, sannfærður um að það sé heillavænlegast fyrir þjóðfélagið í heild og ekki síst uppbyggingu Grindavíkur til framtíðar lítið.

Virðingarfyllt.

Hermann Þórðarson Waldorff